



Alþingi
Alþingishúsið
5-7
Reykjavík
Althingi.is
umhverfissinnar.is

Ungir umhverfissinnar
Rafstöðvavegur

110 Reykjavík

12. janúar 2021

**Athugasemdir við 360. mál, Tillaga til þingsályktunar um græna atvinnubyltingu
151. löggjafarþing 2020–2021.**

1. Grænn fjárfestingarsjóður

Ungir umhverfissinnar styðja tillögu þess efnis að stofna grænan fjárfestingarsjóð, en loftslagsvæn atvinnuuppbygging er nauðsynleg til að ná fram sjálfbæru lágkolefnahagkerfi sem fyrst. Við bendum á mikilvægi þess að í stjórn sjóðsins sitji einnig fulltrúi ungs fólks, þar sem allar fjárfestingar munu hafa mikil áhrif á komandi kynslóðir og því mikilvægt að hafa ungt fólk með í ákvörðunartöku þeim tengdum. Sá fulltrúi væri þá tilnefndur, t.d. af Landssambandi ungmennafélaga (LUF).

2. Metnaðarfullri loftslagsmarkmið

Ungir umhverfissinnar styðja mótun nýrrar aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum, enda er núverandi áætlun ekki í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Hvað varðar nýtt tölulegt markmið um samdrátt í losun, telja Ungir umhverfissinnar mikilvægt að skilgreina skýrt um hvaða flokk losunar sé að ræða, þ.e.a.s. losun á beinni ábyrgð Íslands, losun sem fellur undir viðskiptakerfi ESB (t.a.m. stóriðja) eða losun frá landnotkun og skógrækt. Ungir umhverfissinnar krefjast þess að stjórnvöld lögfesti a.m.k. 50% samdrátt í heildarlosun ásamt landnotkun fyrir árið 2030, nánar tiltekið 50% samdrátt í losun sem myndi flokkast sem losun á beinni ábyrgð Íslands, losun frá stóriðju og losun frá landnotkun og skógrækt. Slíkt markmið er í samræmi við kröfur Ungra umhverfissinna, LÍS, SHÍ, fulltrúa ungs fólks í

Loftslagsráði¹ og fulltrúa Íslands á Loftslagsráðstefnu ungmenna, Mock COP26². Ungir umhverfissinnar styðja lögfestingu markmiðs um kolefnishlutleysi 2040, en ítreka að kolefnishlutleysi þarf að fela í sér hlutleysi hvað varðar heildarlosun ásamt landnotkun.

3. Efling almenningssamgangna

Ungir umhverfissinnar styðja tillögu um eflingu almenningssamgangna og landsbyggðarstrætó. Slík tillaga stuðlar að því að nýtingu virkra ferðamáta og hentar vel fyrir tekjulága hópa t.a.m. ungt fólk. Jafnframt styðjum við að framkvæmdum á borgarlínu á höfuðborgarsvæðinu verði flýtt og aukningu fjármagns til uppbyggingar á samgöngubótum sem skila loftslagsávinningi.

4. Hröðun orkuskipta

Við fögnum því að miðað sé við árið 2025 sem lokaár nýskráningar bensín- og dísilbíla, enda teljum við núverandi markmið stjórnvalda um árið 2030 ekki nógu metnaðarfullt. Einnig teljum við mikilvægt að lögð verði áhersla á jákvæða hvata til að minnka nýskráningu þeirra þangað til og að ekki verði fallið í þá gryfju að leyfa undanþágur sem hvetja til skráningar þeirra, á forsendum annara sjónarmiða en þeirra sem snúa að umhverfinu.

5. Sterk sveitarfélög og fjárfesting í nærsamfélaginu

Við styðjum þá hugmynd að rikissjóður hafi milligöngu um hagstæðar lánveitingar til sveitarfélaga vegna loftsvænna fjárfestinga en bendum á mikilvægi þess að setja skýran ramma utan um það hvað teljist sem loftslagsvænar fjárfestingar.

6. Kolefnisbinding og bætt landnýting

Ungir umhverfissinnar styðja tillögu um aukna kolefnisbindingu og bætta landnýtingu en minna á mikilvægi þess að taka inn sjónarmið líffræðilegs fjölbreytileika, sér í lagi við skógrækt. Áhersla sé lögð á að nýttar séu innlendir tegundir, fram yfir erlendar tegundir. Hvað varðar aukna styrki til landbótarverkefna teljum við mikilvægt að skilgreina þau verkefni sem koma til greina við styrkveitingu, með það að leiðarljósi að þau taki ekki einungis tillit til kolefnisbindingar heldur einnig líffræðilegs fjölbreytileika.

¹ Athugasemdir við 2. útg. Aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum (sameiginleg umsögn UU, LÍS og SÍF og umsögn Sigurðar Lofts Thorlacius). (2020). [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2708&uid=c5639c06-68fe-ea11-9b9a-005056bcce7e&fbclid=IwAR12OXK_MKc2BLKLvMXKSQYxv5thVhAePcHYfacLCNJ78ZpnGSxN83bTvYQ](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2708&uid=c5639c06-68fe-ea11-9b9a-005056bcce7e&fbclid=IwAR12OXK_MKc2BLKLvMXKSQYxv5thVhAePcHYfacLCNJ78ZpnGSxN83bTvYQ)

² MOCK COP26 TREATY. (2020).

<https://www.mockcop.org/wp-content/uploads/2020/11/20200112-MOCK-COP-Declaration.pdf>

8. Uppbygging iðngarða

Ungir umhverfissinnar styðja tillögu um skipun starfshóps um skipulagða uppbyggingu iðngarða á Íslandi og minna á mikilvægi þess að hafa fulltrúa ungs fólks í þeim hópi.

10. Stórsókn í nýsköpun og þróun

Ungir umhverfissinnar leggja áherslu á mikilvægi þess að við greiningarvinnu séu loftslagssjónarmið ávallt höfð í hávegum.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna



Tinna Hallgrímsdóttir, varaformaður
s. 8689634